

Minjastofnun Íslands óskar samstarfsaðilum og öðrum landsmönnum gleðilegs árs og þakkar fyrir samskiptin á árinu 2014.

Minjastofnun hefur nú starfað í tvö ár og er stofnunin því rétt að slíta barnsskónum. Heildstæð mynd er að komast á stofnunina þar sem málaflokkar hennar þússast hægt og rólega saman og ýmislegt spennandi er í deiglunni árið 2015.

Starfsmannamál

Árið 2014 bættust fjórir nýjir starfsmenn við starfslíð Minjastofnunar:

Oddgeir Isaksen, fornleifafræðingur, er nýr sérfræðingur á sviði skráningarmála og tók hann við af Sólborgu Unu Pálsdóttur. Hóf hann störf í byrjun ágúst.

Rúnar Leifsson, fornleifafræðingur, er nýr minjavörður Austurlands og tók hann við af Ingu Sóleyju Kristjónudóttur. Hóf hann störf í byrjun september.

Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðingur, var ráðin tímabundið sem verkefnisstjóri stefnumótunar. Hóf hún störf í byrjun október.

Már Einarsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur, var ráðinn tímabundið til að lagfæra skjalakerfi stofnunarinnar og hjálpa til við innleiðingu Go Pro.net skjalakerfisins. Hann hóf störf í byrjun nóvember.

Starf minjavarðar Vestfjarða hefur verið auglýst laust til umsóknar og er frestur til þess að sækja um starfið til 3. febrúar. Frekari upplýsingar má finna á: www.minjastofnun.is/um-stofnunina/frettir/nr/1258

Húsafríðunarsjóður og Fornminjasjóður

Umsóknarfrestur í Húsafríðunarsjóð rann út mánudaginn **1. desember**. Alls bárust **307 umsóknir** í sjóðinn. Verið er að vinna úr umsóknum.

Umsóknarfrestur í Fornminjasjóð rann út mánudaginn **5. janúar**. Alls bárust **73 umsóknir** í sjóðinn. Verið er að vinna úr umsóknum.

Ráðgert er að búið verði að úthluta úr sjóðunum **15. mars nk**.

Stefnumótun

Í byrjun október hófst vinna við stefnumótun í minjavernd. **Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðingur, var ráðin sem verkefnisstjóri en stofnuninni til halds og trausts í stefnumótunavinnunni er Sigurjón Þórðarson ráðgjafi hjá Hagvangi.** Frá byrjun var lagt upp með að opið samráð yrði um vinnuna og í þeim tilgangi voru haldnir átta umræðufundir, einn á hverju minjasvæði, í nóvember og desember.

Alls mættu 147 manns á fundina og tæplega 1900 miðar sem fundargestir skrifuðu á hugmyndir og athugasemdir stóðu uppi sem gögn til úrvinnslu. Einnig var gerð skoðanakönnun sem send var á hagsmunaaðila auk þess sem hún var aðgengileg á heimasíðu og fésbókarsíðu

Minjastofnunar. Könnuninni í heild svöruðu 225 manns og voru meðal svarenda fólk af öllum minjasvæðum og úr ýmsum starfstéttum. Haldnir voru sérstakir fundir með ýmsum aðilum, s.s. fornleifafræðingum, arkitektum, Kirkjugarðaráði og forsvarsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk ráðgjafanefnda Minjastofnunar: Fornminjanefnd og Húsafríðunarnefnd. Enn eru nokkrir fundir með sérstökum aðilum eftir en fundahöldum lýkur á næstu vikum. Niðurstöður fundanna og skoðanakönnunarinnar verða nýttar sem grundvallargögn í stefnumótunavinnunni. Brátt hefst vinna við ritun stefnunar sjálfrar, greinargerðar og aðgerðaáætlunar og er gert ráð fyrir að stefnan verði tilbúin í lok febrúar.

Ferðir og samskipti

Starfsfólk Minjastofnunar var á faraldsfæti árið 2014 bæði innan lands og utan auk þess að taka á móti erlendum aðilum hér heima:

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður, og **Esther Jóhannsdóttir**, fjármálastjóri, sóttu fund forstöðumanna minjastofnana í Evrópu (e. European Heritage Heads Forum), í Leuven í Belgíu 21. – 23. maí 2014.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður, og **Þór Hjaltalín**, minjavörður Norðurlands vestra, sóttu fund Þjóðminjavarða Norðurlanda í Savonlinna í Finnlandi 1. – 5. júní 2014.

Stjórn EAC – European Archaeological Council – hélt fund á Snæfellsnesi í júní. Fulltrúi Íslands í stjórn er **Agnis Stefánsdóttir**. **Magnús A. Sigurðsson** minjavörður Vesturlands sagði frá starfi minjavarða og kynnti minjastaði á Snæfellsnesi.

Í september 2014 fór starfsfólk Minjastofnunar í starfs- og kynnisferð norður í land þar sem komið var við á Akureyri og í Þingeyjarsýslu.

Rúnar Leifsson, minjavörður Austurlands, var fulltrúi Minjastofnunar á fundi um Evrópska menningarminjadaginn (e. European Heritage Days) sem haldinn var í Bakú í Aserbaidjan í nóvember 2014.

Hópur á vegum **EEA Financial Mechanism Programme „Conservation and Revitalisation of Cultural and Natural Heritage“** heimsótti Ísland 19. – 21. nóvember og var fundur með Minjastofnun hluti af þeirra dagskrá. Fór sá fundur fram hjá Minjastofnun



Starfsfólk Minjastofnunar á ferð um Norðurland í september 2014. Á myndinni eru frá vinstri: Kristinn, Magnús og Esther.

þann 21. nóvember og voru umræðuefni hans m.a. skipulag minjavörslunnar á Íslandi og mikilvægustu verkefni næstu ára. **Kristín Huld Sigurðardóttir** og **Gunnþóra Guðmundsdóttir**, arkitekt hjá Minjastofnun, tóku þátt í dagskrá hópsins og fundi þeirra hjá Minjastofnun.

Samfélagsmiðlar

Minjastofnun er sífellt að reyna að bæta við og efla miðlunarleiðir sínar og hefur í því skyni stofnað **Instagram** aðgang. Hægt er að fylgja stofnuninni á **@minjastofnunislands** og birtast þar myndir úr starfi stofnunarinnar.

Minjastofnun er einnig virk á **Fésbókinni**:

www.facebook.com/pages/Minjastofnun-Íslands

Hvetjum við fólk til að fylgja stofnuninni á samfélagsmiðlum og fá þannig reglulega fréttir og myndir af starfi stofnunarinnar sem og tengla á ýmsar fréttir tengdar málaflokkum stofnunarinnar.

Stöng í Þjórsárdal

Stöng í Þjórsárdal fékk 5 milljónir úr seinni úthlutun Framkvæmdasjóðs ferðamanna árið 2014, en fyrr á árinu hafði hún fengið 10 milljónir úr sama sjóði. Verkefnið stendur þannig að hönnun er lokið

en of seint var að hefja framkvæmdir þegar henni lauk á haustdögum 2014. Búið er að fá framkvæmdaraðila í verkið og er fyrsta skref framkvæmda stígagerð og lagfæringar.

Friðlýstar fornleifar

Í október 2014 komu minjaverðir stofnunarinnar saman og fóru, auk sérfræðings í skráningarmálum, í vikuferð um Suðurland til að gera áttak í skráningu og friðlýstra fornleifa á svæðinu. Lögð var áhersla á skráningu í Rangárþingi eystra og vestara og voru alls skráðir 45 minjastaðir sem samanlagt innihéldu um 180 fornleifar. Þar sem stofnunin leggur áherslu á að skráningu og yfirferð friðlýstra fornleifa verði lokið sem fyrst voru ráðnir utanaðkomandi aðilar til þess að taka að sér skráningu 130 friðlýstra minjastaða á Suðurlandi og 29 friðlýstra minjastaða í Reykjavík, á Reykjanesi og í Kjós. Tveir aðilar skipta með sér skráningu þessara minja: Fornleifastofnun Íslands ses. tók að sér skráningu minjastaða á Suðurlandi en Antikva ehf. tók að sér skráningu í Reykjavík, á Reykjanesi og í Kjós. Vonast er til þess að með vorinu komi góð tíð svo skráningu ljúki sem fyrst.



Minjavörður Suðurlands setur niður staur til merkingar friðlýstra fornleifa á Suðurlandi.